

19. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 300.000 nema þyngri refsing liggji við að lögum, sektarfé rennur í sveitarsjóð. Valdi nokkur skemmdum á vatnsveitukerfinu, skal hann bæta það eftir mati tveggja óvilhallra manna. Mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Suðureyrarhrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá um vatnsskatt í Suðureyrarkauptúni, Súganda-firði, nr. 185 4. júní 1973.

Félagsmálaráðuneytið, 1. febrúar 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

14. febrúar 1977.

Nr. 97.

G J A L D S K R Á

fyrir Keflavíkurflugvöll.

1. GILDISSVIÐ

1.1 Gjaldskrá þessi gildir fyrir afnot loftfara í millilandaflugi af Keflavíkurflugvelli.

2. LENDINGARGJALD

2.1 Fyrir hverja skráða lendingu loftfars skal greiða gjald samsvarandi US \$ 3.47 fyrir hver byrjuð 1000 kg af þunga þess.

3. STÆÐISGJALD

3.1 Stæðisgjald er ekkert fyrir fyrstu 6 klst.

3.2 Fyrir næstu 24 klst., eða brot þar af, skal greitt stæðisgjald samsvarandi US \$ 0.10 fyrir hver byrjuð 1000 kg af þunga loftfarsins.

4. UNÐANÞÁGUR

Eftirfarandi undanþágur eru veittar frá lendingar- og stæðisgjöldum:

4.1 Loftför í sjúkraflugi eða leitar- og björgunarflugi.

4.2 Loftför, sem verða að snúa við til brottfararflugvallar vegna veðurs eða annarra orsaka.

4.3 Loftför í áætlunarflugi, sem lenda eftir að hafa farið í prófflug eftir viðgerð, enda hafi ekki verið lent á öðrum flugvelli.

4.4 Loftför, sem eingöngu flytja erlenda þjóðhöfðingja eða aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og fylgdarlið þeirra.

4.5 Loftför í eigu íslenska ríkisins eða eru rekin af því.

4.6 Að öðru leyti er flugvallarstjóra heimilt að fella niður lendingar- og stæðisgjöld, þegar sérstaklega stendur á.

5. ÞJÓNUSTUGJALD

- 5.1 Heimilt er að innheimta þjónustugjald af loftförum samkvæmt gjaldskrá staðfestri af utanríkisráðuneyti.
- 5.2 Sé þjónustugjald ekki innheimt af flugmálastjórn, skal það greitt til félags, sem hlotið hefur heimild flugmálastjórnar til að annast þjónustu við loftför.

6. ALMENN ÁKVÆÐI

- 6.1 Þar sem getið er um þunga loftfars er átt við leyfilegan hámarksflugtaksþunga þess eins og hann er skráður í lofthæfisskirteinið.
- 6.2 Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu staðgreiddast. Þó skal flugvallarstjóra heimilt að veita allt að 60 daga greiðslufrest sé sérstaklega um það samið. Verði gjöld ekki greidd á gjalddaga er flugvallarstjóra heimilt að stöðva notkun loftfara hlutaðeigandi flugrekanda.

7. GILDISTAKA

- 7.1 Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 78. gr. laga um loftferðir nr. 34 21. maí 1964, og tekur gildi 1. mars 1977. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 173 21. apríl 1975.

Utanríkisráðuneytið, 14. febrúar 1977.

Einar Ágústsson.

Páll Ásg. Tryggvason.

AUGLÝSING**um umferð í Kópavogi.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogskaupstaðar, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Kópavogi:

1. Umferð um Túnbrekku skal njóta aðalbrautarréttar gagnvart umferð Lundarbrekku og Selbrekku samkvæmt ákvæðum 2. málsgreinar, sbr. 3. málsgrein 48. gr. umferðarlaga.
2. Umferð um Smiðjuveg frá Reykjanesbraut að Skemmuvegi og umferð um Skemmuveg frá gatnamótum hans og Smiðjuvegur að Nýbýlavegi skal njóta aðalbrautarréttar fyrir umferð úr aðliggjandi götum samkvæmt ákvæðum 2. málsgreinar sbr. 3. málsgrein 48. gr. umferðarlaga.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og koma til framkvæmda þegar í stað.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 30. janúar 1977.

Sigurgeir Jónsson.